

Reglur Hafnarfjarðarbæjar um styrk til tónlistarnáms utan Hafnarfjarðar

1.kafli.

Almennar forsendur

Hafnarfjarðarbær stendur fyrir því að almennt tónlistarnám fari fram í Tónlistarskóla Hafnarfjarðar sem starfar samkvæmt aðalnámsskrá tónlistarskóla. Með almennu tónlistarnámi er átt við nám samkvæmt námskrá um tónlistarskóla sem lýkur með framhaldsprófi. Undantekning frá þessu er ef nám verður sérhæfðara en boðið er upp á í Tónlistarskóla Hafnarfjarðar.

2.kafli.

Almennar reglur

1. Hafnarfjarðarbær greiðir kennslukostnað í tónlistarskóla fyrir nemendur sem óska eftir að stunda nám í öðrum tónlistarskóla en Tónlistarskóla Hafnarfjarðar í samræmi við þær reglur um kröfur, ástundun og framvindu í námi sem nánar er kveðið á í 3. kafla.
2. Tónlistarskóli skal hafa sérstakt samþykki mennta- og menningamálaráðuneytis sbr. lög nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla.
3. Greitt er samkvæmt gjaldskrá sem mennta- og lýðheilsusvið setur í samvinnu við Tónlistarskóla Hafnarfjarðar og skal staðfesta gjaldskrána í fræðsluráði og bæjarráði hverju sinni.
4. Nemandi sem óskar um námsvist í öðrum tónlistarskóla skal sækja um til Hafnarfjarðarbæjar. Mennta- og lýðheilsusvið fer með umboð Hafnarfjarðarbæjar gagnvart öðrum tónlistarskólum vegna greiðslu kennslukostnaðar.
5. Liggja skal fyrir samþykki þess sveitarfélags eða þess tónlistarskóla sem um ræðir þar sem til stendur að stunda tónlistarnám. Árlega skal staðfest samþykki liggja fyrir.
6. Hafnarfjarðarbær setur reglur um framvindu tónlistarnáms í öðrum tónlistarskólum en Tónlistarskóla Hafnarfjarðar, hámarkstíma sem námið getur tekið og hámarksnám sem er styrkt, sbr. 3.kafla hér fyrir neðan.
7. Hafnarfjarðarbær getur hverju sinni takmarkað fjölda nemenda sem greitt er með til annarra tónlistarskóla í samræmi við svigrúm í fjárhagsáætlun hverju sinni.
8. Ef nemandi í tónlistarskóla flytur lögheimili sitt í annað sveitarfélag á skólaárinu þá greiðir Hafnarfjarðarbær vegna hans fram að byrjun næstu annar frá dagsetningu lögheimilisskipta.
9. Ef nemandi uppfyllir skilyrði 7.gr. reglugerðar um framlög úr jöfnunarsjóði sveitarfélaga nr. 23/2013 gefst honum kostur á að sækja tónlistarnám í öðru sveitarfélagi.
10. Hafnarfjarðarbær greiðir ekki með nemendum sem stunda tónlistarnám á háskólastigi.

3.kafli.

Reglur um kröfur, ástundur og framvindu

1. Sækja þarf um heimild til mennta- og lýðheilsusviðs fyrir 1. maí ár hvert. Sótt er um á heimasíðu Hafnarfjarðar, Mínum síðum.
2. Í umsókn nemandans þarf að koma fram rökstuðingur fyrir því að viðkomandi óskar eftir að stunda nám annars staðar en við Tónlistarskóla Hafnarfjarðar.
3. Umsækjandi þarf að hafa staðist inntökuskilyrði í viðkomandi tónlistarskóla og geta framvísað staðfestingu þess efnis frá skólanum.
4. Námsárangur þarf að vera fullnægjandi í samræmi við skilgreiningar viðkomandi tónlistarskóla um lágmarkseinkunnir. Sé veitt heimild til að stunda nám í tónlistarskóla í öðru sveitarfélagi vegna sérstöðu tónlistarnáms, skal eftir sem áður setja framvindukröfur með það að leiðarljósi að framvinda í námi sé sambærileg og almennur hluti aðalnámsskrár tónlistarskóla segir til um.
5. Leggja skal fram afrit af námsvottorði síðasta skólaárs, ásamt umsögn kennara í viðkomandi aðalnámsgrein. Umsögn kennara er höfð til hliðsjónar við mat á styrkhæfi nemandans. Ef umbeðin gögn fylgja ekki umsókn áskilur Hafnarfjarðarbær sér rétt til þess að hafna umsókninni.
6. Gert ráð fyrir að grunnnám, miðnám og framhaldsnám taki 10 ár. Undanþága frá þessu krefst sérstakrar umfjöllunar mennta- og lýðheilsusviðs og Tónlistarskóla Hafnarfjarðar svo leita megi fjárheimilda til undanþágu ef rök mæla með henni.

Samþykkt í fræðsluráði 11. september 2019 og í bæjarstjórn 19. september 2019.